



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA



Teiknistofan Eik ehf.

Suðurgata 12 400 Ísafjörður
s. 4560160 www.teiknistofan.is

Minnisblað um uppgræðslu til að ná fram staðargróðri sérstaklega í hlíðum t.d. á Vestfjörðum.

Tekið saman af Hafdísí Sturlaugsdóttur, Náttúrustofu Vestfjarða og Erlu Bryndísí Kristjánsdóttur, Teiknistofunni Eik, í október 2011.

Í Staðardagskrá 21, sem er áætlun sveitarfélaga um umhverfi og þróun, er m.a. talað um að fólk eigi að geta haft áhrif á umhverfi sitt. Við uppgræðslu á nánasta umhverfi byggðar er því mjög jákvætt að almenningur geti haft áhrif á umhverfið og taki þátt í að græða það upp.

Við uppgræðslu ætti að nota svarðlagið (efstu 20 cm af jarðvegi) til að jafna yfir eftir framkvæmdir. Samt ætti að forðast að nýta svarðlag þar sem ágengar tegundir s.s. alaskalúpína og kerfill vaxa þar sem fræforði í þeim jarðvegi er væntanlega mest þær tegundir sem í honum vaxa.

Það hefur verið mjög algengt að almenningur fari og tíni þegar þeirra tími kemur. Margir nota tínu til að ná saman berjum. Þegar heim er komið þarf svo að hreinsa „rusl“ úr berjunum. Þetta „rusl“ samanstendur oft af ónýtum berjum (skemmdum, óproskuðum), fræjum af öðrum tegundum og plöntuhlutum. Þetta berjarusl (ásamt því sem fylgir) getur spírað ef það kemst í jarðveg og nýtist þannig við uppgræðslu. Einnig er hægt að nýta ósoðið berjahrat. Þessi efniviður væri mjög góður til að nýta til uppgræðslu á svæðum, þar sem á að ná villtum úthagagróðri aftur.

Framkvæmd sem þessa þarf að skipuleggja. Gera þarf fólki auðvelt að losa sig við þetta „rusl“ á ákveðna staði á uppgræðslusvæðinu eða geta skilið eftir, þar sem aðrir taka við og dreifa úr. Við dreifingu væri gott að búa til „eyjar“ þar sem gróðurinn gæti náð sér á strik og dreift svo úr sér út frá því síðar. Þessi aðgerð ætti að stuðla að líffræðilegri fjölbreytni á svæðinu. Einnig mætti hugsa sér að taka þökur af framkvæmdarsvæðinu sérstaklega ef framkvæmdir eru áfangaskiptar. Þessar þökur þurfa að vera a.m.k. 25x25 cm að stærð.

Til að ná í meiri efnivið mætti hugsa sér að fá samtök t.d. íþróttafélög eða skólakrakka til að tína þar í nokkru magni, gagngert til uppgræðslu. Við slíka tínslu væri hægt að setja sér að taka markvisst með fræ af öðrum tegundum líka. Slíkan efnivið, þ.e. efnivið sem tínt er, væri hægt að blanda með t.d. sandi eða mold og dreifa með dreifurum á uppgræðslusvæði.

Krækilyng er mjög góður frumherji og bláberjalyng þolir þurrk mjög vel. Aðrar tegundir sem eru líklegar að slæðast með eru ljónslappi, maríustakkur, aðalbláber, ýmsir fíflar og grös. Þessi gróður er aðlagður aðstæðum og ætti að þola vaxtarstað í hlíðum vel.